

**63. þing Sundsambands Íslands  
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ Í LAUGARDAL  
15. júní 2019**

**Þingskjal nr: 2019 - 11**

**63. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 15. júní 2019**

Staðfestir meðfylgjandi Stefnu SSÍ og Afreksstefnu SSÍ. Jafnframt felur sundþing stjórn SSÍ að uppfæra og viðhalda bæði Stefnu og Afreksstefnu í samræmi við aðrar samþykktir sundþings, aðstæður hverju sinni og eðlilegum breytingum sem verða á umhverfi sundíþróttá á Íslandi vegna árangurs sem næst.

**Greinargerð:**

Stefna og Afreksstefna SSÍ hafa verið til umfjöllunar á öllum þingum SSÍ frá árinu 2000. Skjalið hefur tekið miklum breytingum í árána rás, einfaldast og inn hafa komið áherslur tengdar öðrum sundíþróttum en keppnissundi.

Í aðdraganda 63. Sundþings var hreyfingunni gefinn kostur á að senda inn athugasemdir og tillögur um hvað gæti farið betur í Stefnu SSÍ. Þá voru nýráðnir verkefnastjórnar SSÍ beðnir um, ásamt landsliðsnefnd, að lesa yfir Afreksstefnu SSÍ. Örfáar ábendingar bárust og voru gerðar breytingar á texta stefnunnar í samræmi við flestar þeirra, auk þess sem sérstökum kafla um fræðslumál var bætt inn. Afreksstefnan tekur ekki miklum breytingum enda er hún metnaðarfull og uppfyllir hún skilyrði ÍSÍ og Afrekssjóðs ÍSÍ um slíkt skjal.

Afrekssjóður ÍSÍ er okkur mjög mikilvægur, þar sem hann hefur verið grunnurinn að því að við höfum getað haldið utan um afreksstarfið. Eftir miklar breytingar á Afrekssjóði, sem eru yfirstandandi kom í ljós hvað við vorum heppin í sundhreyfingunni að eiga þróað Afreksstefnu sem nýttist okkur annars vegar vel við gerð umsókna í sjóðinn og ekki síður til að vinna úr þeim fjármunum sem við fengum. SSÍ er í hópi Afrekssambanda og um leið gerðar ákveðnar kröfur um umgjörð í kringum afreksstarfið. En um leið og við þurfum áfram að halda vel utan um afreksstjarfið, þá liggur fyrir að við þurfum að styðja við og taka frumkvæði í uppbyggingu sundfélaga og deilda úti um land, við þurfum að efla starf okkar meðal skólabarna, það þarf að undirbyggja aldurshópa betur til þess að úr verði afreksfólk og okkur er nauðsyn á að koma fræðslu út til aðstandenda sundfólksins okkar, hvort sem við erum að tala um foreldra, stjórnarfolk félaga, dómara eða þjálfara. Við þurfum að standa undir nafni og hugsa vel um aðrar sundíþróttir s.s. garpasund, víðavatnssund og sundknattleik, þetta eru að hluta til „fullorðinsíþróttir“ og munu skila okkur góðu umtali, sjálfbodaliðum og jafnvel fjármunum þó á óbeinan hátt sé.